



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík

☎ 551 8150 ✉ skog@skog.is 🌐 www.skog.is

Reykjavík 21. nóvember 2023

Skrifstofa Alþingis
Nefndarsvið
101 Reykjavík

Netf.: nefndarsvid@althingi.is

Umsögn: Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt

Athugasemd við frumvarp um Þjóðaráttak í landgræðslu og skógrækt 61. Mál, þingsályktunartillaga 154. löggjafarþing 2023-2024

Skógræktarfélag Íslands fagnar fram komnu frumvarpi og styður það í megin atriðum. S.Í telur fulla ástæðu til að benda á þá staðreynd að skógræktarfélag, sem eru frjáls félagasamtök, hafa í tæpa öld staðið að viðamiklum skógræktar- og landbótaverkefnum í sjálfböðavinnu.

Skógræktarfélag Íslands er sameign rúmlega 60 skógræktarféлага og hefur það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra þúsunda sem sinna ræktunarstarfinu í sjálfböðavinnu. Stjórn og starfsfólk S.Í. furðar sig á því að hvergi er minnst á hina frjálsu skógræktarhreyfingu, fólkið sem hefur ótrúlega mikla reynslu og býr yfir kunnáttu sem ætti að nýtast vel í átaki sem þessu.

Skógræktarfélagin mynda í sameiningu fjölmennustu frjálsu félagasamtökin í landinu sem starfa að umhverfisvernd, endurheimt landgæða og kolefnisbindingu. Ef það er ætlunin að virkja almenning til að auka kolefnisbindingu með landgræðslu og skógrækt er ekki annað en eðlilegt að þeirra sé getið í þingsályktunartillögunni.

Skógræktarfélags Íslands stóð fyrir því í samvinnu við Landgræðslu ríkisins, Skógrækt ríkisins og Landbúnaðarráðuneytið árið 1990 á 60 ára afmælisári félagsins, að þjóðaráttakinu Landgræðsluskógar var hleypt af stökkunum. Þetta

átak hefur staðið sleitulaust síðan og skilað mjög miklum árangri. Á vegum þessa verkefnis hafa verið gróðursettar 24,2 milljón trjáplöntur á undanförunum þremur áratugum.

Þá er einnig rétt að benda á farveg sem Skógræktarfélag Íslands ásamt Landvernd stóðu fyrir árið 2007 með stofnun Kolviðar.

Markmið Kolviðar er aukin binding kolefnis í skógarvistkerfum í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs (CO₂) í andrúmslofti, að binda jarðveg og draga úr jarðvegseyðingu, að auka vitund almennings og fyrirtækja um losun gróðurhúsalofttegunda, og að stuðla að fræðslu um tengd málefni.

Markmið verkefnisins eru því margþætt, á sama tíma og kolefnisbinding á sér stað, á sér stað binding jarðvegs og auðgun gróðurvistkerfa.

Með því að gera aðilum kleift að taka ábyrgð á eigin losun og bregðast við með áþreifanlegum hætti næst árangur. Kolviður hefur á annan áratug hvatt einstaklinga og fyrirtæki til þess að Íslendinga verði fyrsta þjóð heims til að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt og uppgræðslu lands.

Skógræktarfélag Íslands og skógræktarfélögin í landinu bjóðast til að koma að þessu nýja átaki á myndarlegan hátt og óska eftir því gerð verði sú breyting á frumvarpinu að þessi félög verði sett inn í textann og að jafnframt bætt verði inn í frumvarpið eftirfarandi setningu:

„Samstarfsvettvangurinn hafi að fyrirmynd verkefnin „Landgræðsluskógar“ sem skógræktarfélögin í landinu hafa staðið að síðan 1990 og „Bændur græða landið“, samstarfsverkefni bænda og Landgræðslunnar (nú Land og skógur) um uppgræðslu heimalanda, sem hefur einnig staðið frá árinu 1990 og gefið góða raun“.

Undirritaðir eru reiðubúnir að kynna nánar ofangreind sjónarmið fyrir flutningsmönnum og þingnefnd sé þess óska.



Jónatan Garðarsson,
formaður



Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri

